



Guðrún Helga heiti ég og hef ákveðið að bjóða mig fram í kjöri til stjórnar HRFÍ í Maí næstkomandi. Ég er eiginkona, móðir, fjölskyldufræðingur og hundaeigandi og á besta aldri svona aðallega 😊

Ég vinn sem framkvæmdastjóri stórra félagsamtaka sem berjast í réttindamálum alla daga - ég sinni þar fjölbreyttu starfi en stór hluti felst í réttindabaráttu, samskiptum við yfirvöld og önnur trúnarðstörf. Ég sit einnig í stjórn Fjölskyldufræðingafélags Íslands og stjórn Tibet Spaniel deildarinnar og er því mjög vön teymisvinnu og félagsstörfum.

Ég ákvað að gefa kostá mér bæði í sæti í **aðalstjórn og í varastjórn** og ástæða þess er í raun margþætt en ég tel að mig hafi töluvert mikla og víðtæka reynslu sem gæti nýst félaginu.

En að sjálfsögðu er fyrst ástæða framboðs **áhugi á hundum, hundarækt og velferð hunda – áhugi á réttindamálum hundeiganda og fræðslu hins almenna hundeiganda.**

En ég hef verið í fjölbreyttum sporum sem hundaeigandi í gegnum árin - eignaðist minn fyrsta hund fyrir 19 árum - við fjölskyldan höfum átt blending – hreinræktaða hunda seinna meir bæði verið með veiðihunda og smáhunda. Við eigum í dag og höfum átt í 16 ár Tibet Spaniel hunda og búa 4 á heimilinu okkar – og við ásamt nærfjölskyldunni og vinum erum með fjölmarga hunda. Við ræktum okkar tegund og höfum einnig flutt inn 5 hunda.

Ég vil leggja mitt af mörkum í HRFÍ því það er ekki alltaf nóg að segja bara eitthvað – vilja eitthvað og bíða eftir að hlutir gerist – maður þarf víst stundum að hendast bara í það sjálfur að reyna að láta hlutina gerast og því er ég komin í þessa stöðu – **óska eftir þínu atkvæði til þess að fá tækifæri til þess að hafa áhrif og fá að taka þátt í uppbyggingu á félaginu.**

Ég sem ræktandi á Tibet Spaniel tek að sjálfsögðu þátt í sýningum og þess háttar viðburðum félagsins en er mjög meðvituð um að félagið á að sinna þjónustu við alla félagsmenn – hvort sem þeir hafa áhuga á sýningum, vilja fá fræðslu – kynningar eða annað slíkt frá sínu félagi.

Réttindamál hundeigandans eru ofarlega á borði í umræðu margar hundeiganda – hinn almenni félagsmaður vill sjá hvað hann fær fyrir það að vera félagsmaður - algeng spurning hvölpakaupandans er hvað græði ég á því að vera í HRFÍ – í dag finnst mér svarið mitt vera stundum svolítið loðið og því vil ég breita – vil geta sagt boðið er upp á fræðslu um hunda, heilsufar, þjálfun svona ef eitthvað skal nefna. Öll viljum við ef við erum í félagi að félagið sé að gera eitthvað fyrir okkur þó við séum ekki með sýningahunda eða höfum áhuga á sýningum þá á það að vera eitthvað

annað sem félagið okkar gerir fyrir okkur öll – eitthvað sem allir geta tekið þátt í og upplýsingar um það eiga að vera aðgengilegar og þægilegar.

Mig langar að sjá aftur Sameiginlegar göngur – almennt eða göngur þar sem markvisst er hugað um að þjálfa t.d hunda sem eiga erfitt með að umgangast aðra hunda –

Ég tel jú að við getum gert svo margt með allt þetta frábæra hundafólk í félaginu – **virka það til að hjálpa þeim sem eru að byrja – jafnvel með sinn fyrsta hund – stutt fólk áfram – gefið út leiðbeiningar uppfærðar og unnið marvisst í því að styrkja félagið og eftt ýmind þess sem félags sem sinni margþættri þjónustu við félagsmenn óháð áhugasviði.**

Upplýsingaflæði frá félaginu út er eitthvað sem ég segi að þurfi að efla enn og einnig vil ég sjá HRFÍ vinna markvisst að bættu hundamenningu - að því að efla samfélagslegan skilning - auka umburðarlyndi samfélagsins á þátttöku hundanna okkar í samfélaginu. Hundarnir okkar eru okkur mikilvægir, þeir eru partur af fjölskyldunni, þeir eru oft sérfræðingar í þjónustu við t.d blinda, fatlaða eða flogaveika, þeir eru heimsóknarhundar og lögregluhundar og gegna fjölbreyttum hlutverkum -

Ég óska því eftir ykkar atkvæði til þess að gefa mér færi á því að sitja í stjórn HRFÍ og vinna þar að málum sem varða okkur öll sem hundaeigendur. Endilega gerið ykkur ferð á skrifstofu HRFÍ þegar kemur að því að kjósa og leggið rödd í ykkar í atkvæði – því það er ykkar rödd sem á að heyrast – félagið er félagsmennirnir sem eru í því.

Guðrún Helga Harðardóttir.